



Reykjavík, 11. desember 2025

USK25110423

ERINDISBRÉF

Valnefnd vegna námsstyrks Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur

Ábyrgðarmaður: Ólöf Örvarsdóttir

Inngangur:

Á fundi borgarráðs Reykjavíkur dags. 19. september 2024, var samþykkt að koma á árlegum námsstyrk í nafni Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur lögfræðings og fyrrum sviðsstjóra og borgarritara. Styrkurinn verður greiddur af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og veittur einu sinni á ári í fimm ár fyrir meistararitgerð eða meistaraverkefni á sviði umhverfisog/eða loftslagsmála. Í forgangi verði styrkir til verkefna eða ritgerða sem varða Reykjavíkurborg beint eða sveitarfélög almennt.

Hlutverk:

Tilgangur styrksins er að styðja við og hvetja til framhaldsnáms í umhverfis- og eða loftslagsmálum og efla þannig þekkingu á umhverfis- og loftslagsmálum til framtíðar. Verðlaunafjárhæð árið 2026 er 500.000 kr,-. Valnefnd er skipuð af umhverfis- og skipulagsráði til árs í senn, sem hefur að hlutverk að halda utan um styrkinn¹.

Helstu verkefni valnefndar:

- Valnefndin setur sér verklagsreglur sem hún vinnur samkvæmt
- Auglýsir eftir umsóknum um styrk
- Heldur utan um umsóknir sem berast umhverfis- og skipulagssviði
- Tekur ákvörðun um úthlutun styrks
- Tryggir að ákvörðun um styrkveitingu liggi fyrir tímanlega svo borgarstjóri geti afhent styrkinn á fæðingardegi Ellýjar þann 15. september ár hvert

Valnefndina skipa:

Hrönn Hrafnisdóttir (formaður), deildarstjóri loftslagsmála hjá umhverfis- og skipulagssviði

Orri Páll Jóhannsson, fulltrúi umhverfis- og skipulagsráðs

Brynildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Margrét Lára Baldursdóttir, sérfræðingur á skrifstofu sviðsstjóra

¹ Nánari upplýsingar um námsstyrkinn, hlutverk og skipan valnefndar eru í hjálögðum reglum um námsstyrk Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur.



Reykjavík

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Valnefndin leitar sér ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil valnefndar:

Valnefnd er skipuð til eins árs og úthlutar styrknum þann 15. september 2026.

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Hjálagt: Reglur um námsstyrk Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur.



Reykjavík



Reykjavík, 6. janúar 2026
USK25110423

Námsstyrkur Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur Verklagsreglur valnefndar

1. Styrkurinn og markmið hans

Námsstyrkur Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur er nefndur eftir Ellýju Katrínu Guðmundsdóttur lögfræðingi og fv. sviðsstjóra og borgarritara. Markmið styrksins er að styðja við og hvetja til framhaldsnáms í umhverfis- og eða loftslagsmálum og efla þannig þekkingu á umhverfis- og loftslagsmálum til framtíðar. Styrkurinn er veittur vegna meistararitgerðar eða meistaraverkefnis og er veittur nemum sem sérhæfa sig í námi er varðar umhverfis- og/eða loftslagsmál. Hann verður veittur árlega árin 2025-2030.

Styrkféð er greitt af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Verðlaunafjárhæð er samkvæmt ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs hverju sinni í samræmi við fjárhagsáætlun. Valnefnd er skipuð af umhverfis- og skipulagsráði til árs í senn, sem hefur umsjón með styrknum þ.m.t. auglýsing, val á styrkhafa og úthlutun styrksins. Að jafnaði skal veita einn styrk á hverju ári en valnefnd styrksins er þó heimilt að skipta styrkfé í tvennt ef hún telur sérstakt tilefni til.

2. Umsækjendur

Námsmenn sem stunda framhaldsnám á háskólastigi með sérhæfingu á umhverfis- og eða loftslagsmál.

3. Styrkhæf verkefni

Styrkurinn er veittur til að vinna meistararitgerð eða meistaraverkefni. Veita skal styrkinn nemum sem sérhæfa sig í námi er varðar umhverfis- og/eða loftslagsmál. Í forgangi til styrkúthlutunar eru verkefni eða ritgerðir sem varða Reykjavíkurborg beint eða verkefni sem varða sveitarfélög almennt. Verkefni má vera hafið en ekki lokið þegar að styrkurinn er veittur, þann 15. september á úthlutunarári. Verkefni má ekki vera þegar fjármagnað af Reykjavíkurborg.

4. Umsóknir

Umsækjandi skal skila þeim gögnum sem óskað er eftir t.a.m. um markmið verkefnis, tíma- og verkáætlun. Umsóknir verða að berast fyrir auglýstan umsóknarfrest.

5. Valnefnd

Valnefnd er skipuð af umhverfis- og skipulagsráði til eins árs í senn. Hana skipa þrír aðilar, þar af einn samkvæmt tilnefningu umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, einn samkvæmt tilnefningu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og einn samkvæmt tilnefningu frá háskólasamfélaginu. Sami einstaklingur má ekki sitja í valnefnd lengur en þrjú ár samfellt. Umhverfis- og skipulagsráð skipar formann valnefndar. Valnefnd skal skipuð áður en auglýst er eftir styrkumsóknum. Laun hennar greiðast af fjárveitingu umhverfis- og skipulagssviðs. Tilkynna skal borgarráði um skipan valnefndar. Valnefnd setur sér verklagsreglur sem hún vinnur samkvæmt og skulu þær vera í samræmi við Leiðbeiningar um málsmeðferð við úthlutun styrkja úr opinberum sjóðum, sjá <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Styrkir-og-sjodir/malsmedferd-vid-uthlutun-styrkja-ur-opinberum-sjodum.pdf> (stjornarradid.is)



Reykjavík



6. Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal meta hvort að ritgerð/verkefni:

- Sé vegna náms á framhaldsstigi og sérhæft í umhverfis- og/eða loftslagsmálum
- Varði Reykjavíkurborg beint eða sveitarfélög almennt
- Byggi á sterkri hugmynd og hafi skýr markmið
- Efli þekkingu á umhverfis- og loftslagsmálum til framtíðar
- Hafi hagnýtt og vísindalegt gildi
- Sé með skýra verk- og tímaáætlun
- Verkefni verði lokið innan tveggja ára eftir úthlutun styrks

7. Skil á gögnum

Styrkþegi skrifar undir samning þar sem viðkomandi skuldbindur sig til að hefja framkvæmd hins styrkveitta verkefnis í samræmi við hjálagða umsókn og samþykkt um úthlutun styrksins. Verkefninu skal lokið eigi síðar en tveimur árum eftir úthlutun og tilkynna skal verklok til starfsmanns valnefndar.

Styrkþegar skulu skila afriti af ritgerðinni/verkefninu með þeim áherslum sem óskað er eftir hverju sinni og skulu styrkþegar kynna verkefnið í opinni kynningu í samráði við valnefnd.

